

## Vilborg Steinunn Sigurjónsdóttir



*Vilborg Steinunn Sigurjónsdóttir er fædd 1946 í Hafnarfirði og uppalin þar, en er nú búsett í Reykjavík. Hún er dóttir hjónanna Sigríðar Jóhannesdóttur ljósmyndara og Sigurjóns Vilhjálmssonar málarameistara. Hún hefur í gegnum tíðina unnið skrifstofustörf, en einnig starfað sem kórstjóri og píanókennari.*

### Báðar ömmurnar með í ferðalag

Vilborg Sigurjónsdóttir fyrrum píanókennari og kórstjóri á skemmtilegar minningar frá fjölskylduferð í Múlakot um 1952 eða 1953. Foreldrar hennar, Sigurjón Vilhjálmsson málarameistari og Sigríður Jóhannesdóttir ljósmyndari, ferðuðust mikið með Vilborgu og eldri systur hennar Jóhönnu á sínum tíma. „Þá var mikið um að þau væru að fara í ferðalög með okkur, innanlandsferðir semsagt, í ryki og holóttum vegum, allt á kafi í ryki þegar maður steig út úr bílnum,“ rifjar Vilborg upp.

„Það var alltaf verið bara í tjaldi og pabbi átti tjald. Þegar pabbi og mamma kynnst þá var hann mikið fyrir ferðalög og það var semsagt farið um allt með þetta tjald. Pabbi var svo hrifinn af þessu, mamma var minna hrifin, henni fannst þetta mikið brölt og tilstand.“ Oft fór Guðbjörg Oliversdóttir móðuramma Vilborgar með. „Hún fór með undirsæng og yfirsæng og alls konar kotta og allt til að sofa við og þá fyllti hún eiginlega hálf tjaldið, svo vorum við fjögur í restinni af tjaldinu!“ segir Vilborg og hlær.

### Báðar ömmurnar með í Múlakot

Líklega 1952 eða 1953, þegar Vilborg var sex til sjö ára, var síðan ákveðið að fara með báðar ömmurnar í ferðalag, líka föðurömmu Vilborgar, Bergsteinunni Bergsteinsdóttur, og þá þýddi náttúrulega ekki að vera í tjaldi. „Einhvern veginn kom það upp að gista í Múlakoti, og ég

man svo vel eftir þessu því það var svo gaman að hafa þær báðar, en þær hafa setið í aftursætinu og pabbi og mamma fram í og svo höfum við bara einhvern veginn kúrt á milli í aftursætinu,“ sér Vilborg fyrir sér. Foreldrar Vilborgar áttu bílinn í félagi við annan málara, og hafði fjölskyldan þá bílinn aðra hvora helgi.

„Ég man að það var mjög gott veður, þetta var í lok júní eða byrjun júlí, og við förum þarna sex saman, og mikill spenningur hjá okkur stelpunum að eiga að gista einhvers staðar á hóteli, á nýjum stað.“ Vilborg svaf ásamt foreldrum sínum í einu af gestaherbergjunum á ganginum, en ömmurnar og systir hennar voru í forsetasvítunni svokölluðu. „Ég man að herbergið sem þær voru í var undir súð, og að kvöldsólin var svo falleg inni í herberginu þeirra,“ rifjar hún upp.

### **Við öllu búna á ferðalaginu**

Ömmurnar höfðu klætt sig í sumarföt í tilefni ferðarinnar. „Þær voru á rósóttum kjólum, þær voru annars oft á peysufötum, en þarna voru þær á rósóttum kjólum og með eins og túrban eða bundið um hárið, af því að þær voru að fara í ferðalag og þurftu að vera við öllu búna með hárið, báðar með fléttur út af peysufötunum,“ útskýrir Vilborg.

Þær tóku síðan ýmislegt með sér í þessa stuttu ferð, en Vilborgu minnir að þau hafi gist eina nótt. „Ég kom inn í herbergið til þeirra þarna um kvöldið, og þær voru búna að raða í vesturgluggann öllum lyfjaförðunum sem þær höfðu með sér, þær ætluðu að vera við öllu búna í þessu ferðalagi, sem tók ekki nema líklega tvo daga, þetta þótti bara mikið ferðalag og mikið mál,“ segir hún og hlær. „Þetta voru alls kyns dropar í brúnum glösum, og svo var eitt glasið verk- og vindeyðandi, ef maður fengi eitthvað í magann!“ Þær hlógu og hlógu þarna saman uppi á loftinu um kvöldið.

### **Falleg morgunstund í garðinum**

Vilborg á líka sterkar minningar frá morgninum eftir þegar hún vaknaði og fór á fætur. „Ég man að við sváfum vel og um morguninn læðist ég út, og mér finnst í minningunni að það hafi verið hani að gala þarna úti og þar hafi verið hænsni. Það var mjög rólegt yfir öllu. Ég hitti líka kött þarna á hlaðinu, fór að klappa honum, og svo gekk ég yfir í garðinn þar sem trén voru, og eflaust hef ég opnað hlið til að fara inn í garðinn, og hugsað hvort mér væri óhætt að gera þetta af því að ég ein. Ég skoðaði blómin í garðinum og það var svo mikið af garðalúpínu, í öllum litum, ég man ég horfði á þær og á trén,“ lýsir Vilborg. Síðan fengu þau morgunmat í borðstofunni og þar voru líka nokkrir aðrir gestir.

„Þetta var eina skiptið sem ég kom þarna en einhvern veginn er þetta svo opið í minningunni, svo mér hefur þótt þetta mjög skemmtilegt og framandi. Ég fór aldrei í sveit sem krakki en þarna voru einhver dýr, og í minningunni að vera með báðar ömmurnar með, það var líka svo sérstakt,“ segir Vilborg að lokum.